




Samfélagsskýrsla Ölgerðarinnar 2018

Það eru sex ár síðan að við fórum markvisst að vinna að samfélagsábyrgð í okkar starfi. Við lögðum af stað með það að leiðarljósi að hagur fyrirtækisins og allra hagaðila væri samofinn og góð viðskipti væru aðeins gerð í góðri sátt allra aðila. Við settum okkur það markmið að ávallt gera hlutina betur en áður fyrir viðskiptavininn og umhverfið. Neysluvenjur og viðhorf hafa breyst á þessum tíma og við erum stolt af því að eiga þar hlut að máli. Það er mikið gleðiefni að okkur tókst að minnka kolefnisspor um 34% á milli ára og að við stefnum að enn frekari minnkun á þessu ári. Neytendur kjósa í ríkara mæli en áður sykurminni og sykurlausa gos- og vatnsdrykki. Með markvissi vöruþróun undanfarinna ára hefur Ölgerðin haft þar mikil áhrif og ætlum við að setja enn meiri kraft í vöruþróun á sykurminni og hollari drykkjum. Það er áhugaverð staðreynd að sykurnotkun Ölgerðinnar hefur minnkað um 25% á frá árinu 2016 þrátt fyrir að seldir lítrar hafi aukist um 2 milljónir á sama tímabili. Við erum spennt fyrir komandi tímum og hlökkum til að halda áfram vinnu í sátt við umhverfið og aðra hagaðila.

Gildin okkar jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni henta nútímasamfélagi og eru leiðarljós okkar í áframhaldandi þróun. Allt sem við gerum, gerum við af ábyrgð gagnvart fyrirtækinu, markaðnum, umhverfinu og samfélaginu. Í hverjum flokki höfum við sett okkur krefjandi markmið og verkefni. Árlega eru þessi markmið síðan mæld og endurskoðuð í samhengi við þann árangur sem náðst hefur. Ölgerðin er hluti af Global Compact sáttmálanum og mun halda áfram að vinna að honum.



Við erum partur af:



Við stóðum okkur vel árið 2018

infogram

minnkun
fyrir gufukatla
minnkaði um

 Share

en það samsvarar þeirru orku sem
þarf fyrir **12.000** ljósaperur í eitt ár

Eldsneytisnotkun minnkaði um

sem samsvarar því eldsneyti
sem þarf til að keyra **340 sinnum**
í kringum landið okkar.

minnkun
kolefnislosunar
milli ára



Úrgangur
minnkaði um

milli ára

sem samsvarar sorpi frá
350 heimilum á ári.

Fræðsla og þjálfun
aldrei verið öflugri



Lykiltölur 2018

Vægi vöruflokka í
veltu Ölgerðarinnar


2018

Hlutföll í rekstri

2018

2017


Próun veltu og ebidtu 2017 / Afkoma og velta 2018




”

VELTA VAR
17.807
MILLJÓNIR
ÁRID 2018

Skattspor





Stærsta drykkjavörufyrirtæki landsins

Ölgerðin er stærsta drykkjavörufyrirtæki landsins. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Aðeins vörur sem eiga þess kost að vera fremstar í sínum flokki eru settar á markað og hverjum birgja sinnt sem hann væri sá eini.

43% af fyrirtækjarmarkmiðum síðasta árs náð




Markmiðum náð

Markmið í vinnslu

Stefna Ölgerðarinnar


Mikilvægi starfseminnar og áherslur endurspeglast í stefnupíramíða félagsins. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika þurfa að eiga sér stað stöðugar umbætur til að mæta þörfum stækkandi hóps viðskiptavina.



infogram

Þú getur leitað til fyrri leiða til að efla
og koma fram meiri framleiðni
með því að gera hlutina hraðar og betur

en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir
viðskiptavinum okkar, neytendum, starfsfólk
og eigendum.



Stjórnarhættir

Stjórn ÖES starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á fimmtu útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefin var út (í maí 2015) af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Starfsreglurnar eru til að tryggja skilvirkni í starfsemi stjórnarinnar sem og að tryggja rétta meðferð mála innan félagsins.

Ölgerðin vinnur eftir siðareglum sem byggja á gildum fyrirtækisins og gilda þær fyrir alla starfsmenn, umboðsmenn og aðra sem koma fram fyrir hönd Ölgerðarinnar.


Stjórnarmenn ÖES eru fimm talsins, tvær konur og þrjú karlar. Einnig er einn óháður stjórnarmaður.



Framtíðarsýn Ölgerðarinnar

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til að framtíðarsýn verði að veruleika vinnur Ölgerðin eftir V.1 fyrirkomulagi í öllu fyrirtækinu. Markmiðið með V.1 vinnunni er að lágmarka og eyða sóun í fyrirtækinu og ná þannig fram meiri framleiðni. Stöðugar umbætur er grunnurinn að öllu sem er gert og er unnið daglega að umbótaverkefnum í öllu fyrirtækinu. Á síðasta ári voru unnin 616 umbótaverkefni.

Til að takast á við stór verkefni í sameiningu eru vikulegir fundir haldnir þar sem hver eining innan fyrirtækisins hittist og setur sér markmið sem snýr að heildarmarkmiði fyrirtækisins fyrir ákveðið tímabil. Þannig getur allt fyrirtækið í heild sinni tekist á við stór verkefni í sameiningu.



Fjöldi umbótaverkefna



V.1 húsið er sett upp til að sýna myndrænt hvaða aðgerðum eða leiðum Ölgerðin vill beita til að ná markmiðinu um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Þannig sýnir það hvernig stöðugar umbætur er grunnurinn að allri starfsemi. Áhersla er lögð á að skoða flæði í starfsemi með það að markmiði að eyða allri sóun. Til að koma í veg fyrir mistök, frávik og þess háttar er ávallt starfað samkvæmt stöðluðum vinnubrögðum. Unnið er með sjónræna stjórnun með það að markmiði að hafa yfirsýn og þróa starfsfólk.

Jákvæðni

Við erum jákvæð fyrir breytingum og finnst gaman í vinnunni.

Við erum ein líðsheil og allir leggja sitt að mörkum til að ná markmiðum fyrirtækisins.

Áreiðanleiki

Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta treyst okkur.

Gæði vöru og þjónustu eru fyrsta flokks.

Hagkvæmni


Við vinnum stöðugt að umbótum í ferlum og rekstri.

Við leitum alltaf hagkvæmnustu leiða í innkaupum, fjárfestingum og rekstri.

Framsækni

Við ætlum alltaf að vera feti framár í þjónustu, nýjungum og vöruúrvali.

Við erum fljót að taka ákvarðanir og látum hlutina gerast. Við þorum að taka áhættur og gera mistök en lærum af þeim.

**Já dagurinn**

Árlega heldur Ölgerðin starfsmannadag sem ber yfirskriftina JÁ dagur og er vísun í gildi fyrirtækisins.

Á JÁ deginum eru starfsmenn upplýstir um rekstur og stöðu fyrirtækisins og farið er yfir nýjungar, stefnur og strauma.

Samkeppnisforskot Ölgerðarinnar felst í þekkingu og mannaudi og er hluti JÁ dagsins notaður í teymisvinnu þar sem starfsmenn vinna saman við að leita leiða til umbóta.

Hagsmunaaðilar Ölgerðarinnar

Við mat á samfélagsábyrgð er mikilvægt að skilgreina hlutverk lykilhagsmunaaðila fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni skiptast þeir í níu hópa en þeir eru samstarfsaðilar, eigendur, viðskiptavinir, starfsmenn, stjórnvöld, neytendur, birgjar, þjónustuaðilar og umhverfið. Ölgerðin leggur sig fram við að upplýsa hagsmunaaðila um starfsemina og er það afar mikilvægt að veita öllum hagsmunaaðilum áheyrn og virkja þá til samvinnu. Á vefsíðu Ölgerðarinnar sem og samfélagsmiðlum eru upplýsingar birtar hagsmunaaðilum fyrirtækisins.

Eigendur



Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Lykillinn að þeirri sýn felst í mannaði fyrirtækisins þar sem jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni eru höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefna

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Lykillinn að þeirri sýn felst í mannaði fyrirtækisins þar sem jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni eru höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefna Ölgerðarinnar miðar að því að allar ákvarðanir sem teknar eru skapi forsendur til að framtíðarsýn fyrirtækisins verði að veruleika.

Markmið mannaúðsstefnunnar er að stuðla að starfsánægju meðal starfsfólks og að Ölgerðin hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

Gott og ánægt starfsfólk er grunnurinn að vel reкну fyrirtæki og eru því starfsmenn Ölgerðarinnar ein af helstu auðlindum fyrirtækisins. Mannauðsstefnan felur í sér að vera stefnumarkandi og styðjandi við gildi Ölgerðarinnar og stuðla þannig að samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Lögð er áhersla á að starfsfólk Ölgerðarinnar lifi gildi fyrirtækisins. Það er gert með öflugri mannaúðsdeild sem stuðlar meðal annars að:


- faglegum vinnubrögðum við ráðningar og móttöku nýliða
- því að leggja áherslu á fræðslu og starfsþróun
- því að huga að öryggi, heilsu og aðbúnaði starfsmanna
- öflugri upplýsingaflæði
- stöðugum umbótum og framsækni
- faglegri ráðgjöf og stuðningi við stjórnendur
- því að framkvæma reglulega kannanir, greiningar og mælingar
- faglegri frammistöðustjórnun

Mannauður Ölgerðarinnar

Hjá Ölgerðinni störfuðu að meðaltali 381 starfsmenn árið 2018, þar af voru 81% af þeim fastráðnir. Stafsmannavelta mældist 20,4% og þar af hættu 12,8% að eigin ósk.

Starfshlutfall starfsfólks

Starfsmannavelta



infogram

...köpum við skemmtilegan vinnustað og sterka
...er markmiðum Ölgerðarinnar sem eru til
hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, samfélagið, starfsfólk og

hluthafa.



Óskilgreint

Hætt störfum að eigin ósk

Sagt upp


Starfsánægja

Helstu verðmæti Ölgerðarinnar felast í mannauði fyrirtækisins. Ánægja starfsmanna er eitt af fjórum aðalmarkmiðum Ölgerðarinnar til að ná samkeppnisforskoti. Fylgst er með þróun hennar með reglulegum mælingum hlutlauss fagaðila og eru niðurstöður kynntar starfsmönnum og nýttar til úrbóta. Markmið um að starfsánægja mælist yfir 85% náðist árið 2018. Starfsánægja er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda góðu starfsfólki í vinnu hjá Ölgerðinni, þjálfar það upp og byggja þannig upp enn dýpri og verðmætari þekkingarbrunn. Með vel þjálfuðu starfsfólki getur fyrirtækið veitt framúrskarandi þjónustu.

Allt frá stofnun Ölgerðarinnar, árið 1913, hefur fyrirtækið veitt svigrúm fyrir kjarabaráttu og félagafrelsi. Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact en þar segir fyrir um afnám barna-, nauðungar- og þrælkunarvinnu, háttsemi sem Ölgerðin fordæmir og á ekki að líðast. Ölgerðin gerir skriflegan ráðningarsamning við alla starfsmenn í upphafi þar sem tilgreind eru laun, kröfur og vinnutími.

Ölgerðin ræður aldrei börn undir 16 ára aldri til vinnu og velur sér birgja sem sjálfir tryggja þessi viðmið.

Starfsánægja



Fjöldi vinnuslysa

Núllslystefna

Öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðaþjálfun, framúrskarandi tækjakosti, öruggum aðbúnaði og tryggu verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarni, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldi eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum næstum því slysum þar sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.


Á síðasta ári var áhersla lögð á öryggisúttektir og að auka öryggisvitund starfsmanna. Þá var bæði framkvæmt öryggisúttekt og farið í öryggisgöngu vikulega.

infogram

Fjöldi vinnustunda frá vinnu vegna slysa

Slys á vinnustað sem hlutfall af fjölda starfsmanna

Share



2015
2016
2017
2018

Fjöldi fjarverustunda vegna vinnuslysa árið 2018 voru 388 klukkustundir og hefur aldrei verið minni. Hinsvegar fjölgaði slysum um sex á árinu. Hvert slys er einu ofaukið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núllslystefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenningar ávallt vera í brennidepli fyrirtækisins.




Samskipti

Unnið er markvisst að því að starfsmenn séu vel upplýstir þegar kemur að markmiðum og starfsemi Ölgerðarinnar, s.s. nýjum vörum, viðburðum eða öðru sem viðkemur starfsmönnum fyrirtækisins með beinum eða óbeinum hætti.

Árið 2017 innleiddi Ölgerðin Workplace sem er samskiptamiðill fyrir vinnustaði. Workplace byggir á sömu eiginleikum og viðmóti og Facebook, og er sérsníðin fyrir umhverfi fyrirtækja og stofnana.

Á fyrsta hálfu árinu frá því að Workplace var innleitt hafa um 90% starfsmanna skráð sig inn sem notanda. Með tilkomu Workplace eiga starfsmenn auðveldara



Hver deild innan fyrirtækisins hittist á stuttum 30 mínútna fundi í hverri viku og fer yfir markmið deildarinnar og greinir nýliðna viku ásamt því að skipuleggja umbótaverkefni. Þessir fundir kallast V.1 fundir og eru til þess að allir starfsmenn viti hvernig þeir

infogram

með að leita að og deila upplýsingum.
 stunda gagnvart markmiðum Ölgerðarinnar hverju sinni og hafi allar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta unnið starf sitt.
 Á hveðjum föstudegi eru haldnir upplýsingafundir sem um það bil 70 sækja hverju sinni. Fundurinn stendur yfir í 30 mínútur.

með að leita að og deila upplýsingum.
 stunda gagnvart markmiðum Ölgerðarinnar hverju sinni og hafi allar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta unnið starf sitt.

Share

Kynjaskipting allir

Kynjaskipting framkvæmdastjórn

Jafnréttisstefna

Það er stefna Ölgerðarinnar að alls staðar í fyrirtækinu sé fyllsta jafnréttis gætt óháð aldri, kyni, kyngervi, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, litarhafti, trú, stjórnmalaskoðun, eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum.


Ölgerðin ræður og hefur á að skipa hæfasta starfsfólki hverju sinni. Mannauður fyrirtækisins er ein helsta auðlind þess og lykillinn að árangri og velgengi. Áhersla á starfsmannaval, jafnrétti, starfsumhverfi, upplýsingastreymi, frumkvæði, endurgjöf, trúnað, fræðslu og starfsþróun skapar skemmtilegan vinnustað sem endurspeglar gildi Ölgerðarinnar.

Markmiðið með jafnréttisstefnu Ölgerðarinnar er að koma í veg fyrir launamun af ómálefnalegum ástæðum og að vera eftirsóttur vinnustaður í huga allra. Unnið er að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ölgerðin stuðlar að jafnrétti og fer eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.


Unnið er eftir aðgerðaráætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu sem gerð er til tveggja ára hverju sinni og er endurskoðuð árlega.

Stjórnendur Ölgerðarinnar gera sér grein fyrir því að fyrirtækið getur enn jafnað kynjahlutföll og vinnur að því að jafna þau innan deilda fyrirtækisins.

Kynjaskipting stjórnendur



Kynjaskipting stjórn



Jafnlaunastefna



Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn ómálefnalegum launamun og stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt óháð kyni.

Ölgerðin er með vottaða jafnlaunastefnu og hefur skuldbundið sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti þess, óháð kyni. Með jöfnun launum er átt við að laun skuli ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunar skuli ekki fela í sér launamismun. Flokkun starfa er gerð samkvæmt jafnlaunaviðmiðum. Viðmiðin eru notuð til grundvallar á verðmætaflokkun og eru sameiginleg öllum störfum í Ölgerðinni.

Jafnlaunastefnu Ölgerðarinnar er ætlað að koma í veg fyrir launamun af ómálefnalegum ástæðum og tryggja að sömu verklagsreglur gildi um launaákvæðanir allra starfa innan fyrirtækisins. Með því að framfylgja jafnlaunastefnu tryggir Ölgerðin að lögum og kröfum sé framfylgt.

Ölgerðin er jafnlaunavottuð samkvæmt ÍST85:2012 staðlinum

Miðgildi launa karlanna (X) sem hlutfall af miðgildi launa kvenna



HEILSU- OG ÖRYGGISVIKA



Heilsuefandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt með margvíslegum hætti til heilsuefingar hjá Ölgerðinni. Starfsmönnum er boðið að nýta sér heilsustyrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Boðið er upp á samgöngusamning fyrir þá sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti og nýttu 64 manns sér samgöngusamning árið 2018.

Ár hvert er haldin heilsu- og öryggisvika með það markmiði í huga að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi. Vikan var samsett af fjölda viðburða, fyrirlestra, námskeiða, keppna og jóga. Ölgerðin stuðlar að því að fyrirkomulagið og dagskráin sé á þann máta sem best er á kosið hverju sinni til að sem flestir geti fundið sér eitthvað við sitt hæfi í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu.

Heilsuvernd

Ölgerðin er með samning við Heilsuvernd sem er viðurkenndur heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustubættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsmanna, þjónustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu auk annarrar þjónustu.

Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsmönnum innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála. Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heilbrigðiskerfisins en starfsmenn leita áfram til sinna heimilislækna eða annarra lækna vegna meðferðar. Með skráningunni fæst heildaryfirlit yfir fjarvistir starfsmanna, deilda og fyrirtækisins með möguleikum um samanburð milli deilda og annarra fyrirtækja. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.



HEILSUVERND

því hver dagur er dýrmætur

Fræðsla og þjálfun

Starfsmenn Ölgerðarinnar eru ein dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Þeir sjá ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það þeirra dugnaður og áræðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa verlað vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár.

Það er því mikið kappsatriði fyrir

Fræðslustundir í Ölgerðinni

Ölgerðin leggur mikla áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri á að njóta framgangs í starfi og vinnur markvisst að því að þjálfa upp ábyrga og metnaðarfulla starfsmenn.

Árlega gefur Ölgerðin út fræðsluáætlun fyrir starfsmenn. Fræðsluáætlunin er gerð út frá greiningu á fræðsluþörf innan

infogram

Ölgerðin að sjá til þess að
fyrirtækisins líði vel við
þeir vaxi og dafni í takt
við árangur Ölgerðarinnar.

fyrirtækisins sem metin er með
rýnihópum og viðtölum innan
Ölgerðarinnar.

Share

Árið 2018 voru 59 namskeið og samtals
sátu 1127 starfsmenn þau.

Einn mikilvægasti þátturinn í þessari
vinnu er að sjá til þess að starfsmenn
njóti góðrar þjálfunar og að góður
árangur í starfi skili sér í aukinni ábyrgð
og umbun innan fyrirtækisins.

Ölgerðarskólinn

Allir nýir starfsmenn fara í gegnum Ölgerðarskólann. Í skólanum
er farið yfir kynningu á fyrirtækinu og fyrir hvað við stöndum.
Forstjóri og stjórnarformaður fara yfir sögu fyrirtækisins og
rekstur og framkvæmdastjórar kynna sín svið.

Frá árinu 2012 hafa 690 nemendur farið í gegnum skólann og á
árinu 2018 útskrifuðust 111 nýir Ölgerðarstarfsmenn úr
Ölgerðarskólanum.



Starfaskipti

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli
deilda og starfsfólks til að bæta
þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til
að kynnst samstarfsfélögum og til þess
að þekkja störf hvors annars enn betur. Í
starfaskiptum heimsækja starfsmenn
aðrar deildir og eyða að minnsta kosti
hálfum degi með starfsmönnum á öðrum
vinnustöðvum og læra af þeim.

Tveir mánuðir á ári eru sérstaklega
tileinkaðir starfaskiptum en að
sjálfsögðu geta starfsmenn farið í
starfaskipti á öðrum tímum. Þegar nýir
starfsmenn hefja störf fara þeir oft í
starfaskipti sem er góð leið til að læra
fljótt á starfseminu og kynnst fólki.

Markmið 2019

- Núllslysastefna
- Starfsánægja yfir 85%
- Innleiða rafræna fræðslu í fyrirtækinu til að auka skilvirkni
- Setja af stað frammistöðustjórnun

infogram

Share

Umhverfið
Markaðsríni
Samfélagið



Umhverfið okkar



Umhverfið er einn af hagsmunaaðilum Ölgerðarinnar. Stefna fyrirtækisins er að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið. Síðustu ár hefur Ölgerðin náð umtalsverðum árangri í umhverfismálum. Kolefnislosun minnkaði um 34% milli ára og er stefnan sett á að ná markmiðinu um 40% minnkun kolefnislosunar frá starfseminni á næsta ári.

88% umhverfismarkmiða náð árið 2018

- Minnka kolefnisspor frá Ölgerðinni um 3%
- Auka flokkað sorp af heild upp í 75%
- Taka inn losun vegna flugferða starfsmanna.
- Minnka pappamál í innri starfsemi fyrirtækisins.
- Birta ársfjórðungslega stöðu umhverfismála fyrir starfsmenn.
- Minnka olíu í starfseminni um 3%
- Skoða möguleika á tvinn- og vetnisbílum
- Setning markmiða að auknu hlutalli enduvinnslu

Umhverfið hagsmunaaðili Ölgerðarinnar

Umhverfið er einn af hagsmunaaðilum Ölgerðarinnar. Stefna fyrirtækisins er að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið og stefnir að því að minnka áhrif á umhverfið. Síðustu ár hefur


Ölgerðin náð umtalsverðum árangri í umhverfismálum.

Árangurinn má rekja til þess að umhverfsvænni orkugjafar eru notaðir í framleiðslu, dreifikerfið hefur verið endurskipulagt og fjölmörg umbótaverkefni hafa beint sjónum að umhverfispáttum.

Ölgerðin tekur þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Til að ná þessum markmiðum hafa þeir þættir sem starfsemi Ölgerðarinnar hefur áhrif á verið kortlagðir, metnir og mældir.

Þannig hafa verið sett skýr markmið og aðgerðaráætlun til að ná árangri.

40%
minnkun
kolefnisspors



Markmið um 40% minnkun ásamt 105 öðrum fyrirtækjum

Ölgerðin tekur þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Ölgerðin ætlar að leita allra leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála.

Til að fylgja eftir stuðningi við markmið Íslendinga í umhverfismálum var yfirlýsing um loftslagsmál undirrituð þann 16. nóvember 2015 í Höfða.


Ölgerðin ber virðingu fyrir umhverfi sínu og vill leitast við að lágmarka skaðsemi rekstrarins á náttúruna.

Markmið loftslagsverkefnisins eru eftirfarandi:

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
2. Minnka myndun úrgangs
3. Auka sjálfbærni í ferlum fyrirtækisins
4. Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta

Umfang starfseminnar þvert á virðiskeðjuna

Losun gróðurhúsalofttegunda



Markmið fyrirtækisins er að ná niður vistspori þess en slíkt verður gert með markvissum aðgerðum í umhverfismálum. Til að geta gert það hefur farið fram vinna í að innleiða umhverfishugbúnað og þróa aðferðir til að mæla umhverfisáhrif vegna starfsemi fyrirtækisins. Aðferðafræðin sem fyrirtækið notar til að skilgreina eigin virðiskeðju og mengunarþætti byggir á *Greenhouse Gas Protocol*. Þetta er stöðluð aðferðafræði sem fyrirtæki hafa tileinkað sér með góðum árangri og er studd af vinnuhópi Festu.

Umfang vegna starfseminnar er skipt í þrennt líkt og myndin hér til hliðar sýnir. Þegar horft er á þau áhrif sem að fyrirtækið hefur á umhverfið þarf að skoða alla virðiskeðjuna hvort sem það er innflutningur á vörum eða áframvinnsla seldra vara. Aðeins hluti af kolefnislosuninni hefur Ölgerðin bein áhrif á t.d. hvernig orka er notuð í framleiðslu og hvernig bílar eru notaðir við starfsemina. Ölgerðin hefur hins vegar óbein áhrif á þær leiðir sem notaðar eru til að flytja vörurnar til landsins og því hvernig úrgangi er komið frá starfseminni á viðeigandi staði. Þetta er því ein samverkandi keðja og hefur Ölgerðin verið á þeirri vegferð að ná meira utan um umfang hennar og mæla umhverfisáhrif fleiri þátta. Á síðasta ári var aukið gagnastreymi á kolefnislosun vegna vöruflutninga, úthýsta landflutninga og ferða starfsmanna til útlanda.

34% minnkun kolefnislosunar milli ára

Kolefnislosun minnkaði um 34% milli ára og er stefnan sett á að ná markmiðinu um 40% minnkun kolefnislosunar frá starfseminni á næsta ári. Ef það tekst verða ný og metnaðarfillri markmið sett.

Kolefnislosun frá Ölgerðinni minnkaði mikið frá árinu 2015-2016 eða um 33%. Þá lækun má rekja til mikillar lækkunar í umfangi 2 vegna breytinga sem urðu á uppruna raforku á milli ára. Ölgerðin kaupir rafmagn frá Fallorku sem afskráði upprunaábyrgðir árið 2016 og seldi þar með 100% endurnýjanlega orku það ár. Árið 2015 afskráði Fallorka engar upprunaábyrgðir og þar með reiknast kolefnisspor rafmagns árið 2015 með hliðsjón af útreikningum Orkustofnunar um uppruna raforku það ár. Þar sem minnkun frá árinu 2015 var aðallega út af upprunaábyrgð raforku er markmiðið að minnka kolefnislosun Ölgerðarinnar frá 2016 til 2030 um 40%.

Á árinu voru teknir inn nýir þættir í umfangi kolefnislosunar Ölgerðarinnar. Þessir þættir eru vöruflutningar til landsins, flugferðir starfsmanna til útlanda og úthýstir landflutningar.

Þeir hafa verið teknir aðskildir í samanburðinum og eru viðmiðunartölur til bætingar næstu árin. Eftir því sem fleiri þættir verða teknir inn í umfang kolefnislosunar Ölgerðarinnar munu viðmið og markmið breytast. Þá geta útreikningar breyst aftur í tímann eftir því sem þeir verða nákvæmari. Þannig þarf að endurskoða markmið og aðgerðir frá ári til árs.

Þróun kolefnislosunar til ársins 2030



Þróun kolefnisspors eftir umfangi

Sparnaður á eldsneyti sem samsvarar 240 hringferðum um landið

Ölgerðin leggur mikið upp úr því að bæði dreifingar- og söluleiðir séu vel skipulagðar og reglulega endurmetnar.

Dreifikerfi fyrirtækisins er skoðað með því sjónarmiði að fækka eignum kílómetrum með tilsvarendi sparnaði á eldsneyti án þess að minnka þjónustu við viðskiptavini. Bílaeldsneytisnotkun minnkaði um 9% milli árana 2017 og 2018 sem samsvarar því eldsneyti sem þarf til að keyra 340 sinnum í kringum landið okkar.

Vistvænn er fyrsti valkostur í endurnýjun fólksbíla okkar og á næsta ári verða allir bílar áfyllingastarfsmanna rafvæddir. Samhliða því verða sett upp 10 rafhleðslustæði á bílastæði Ölgerðarinnar. Þegar skipt er út bílum í bílaflota Ölgerðarinnar verður ávallt haft það að leiðarljósi að velja umhverfisvænni og eyðsluminni bíla. Þannig verður leitast eftir því að minnka umfang kolefnisspors frá bílaflotanum.

Eldsneytisnotkun

infogram


Á árinu 2019. Ölgerðin í notkun vetnisbíl sem hluti af...
kefni með Evrópusambandinu í átt að sjálfbærari...
kefni opnar frekari samstarfsmöguleika með...
Evrópusambandinu þar sem skoðað verður möguleika á...
vetnisflutningsbílum.



Rafmagn aðalorkugjafi gufukatla í framleiðslu

Orka fyrir gufukatla

Pungamiðja í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar eru gufukatlarnir. Peir eru tveir talsins og gengur annar fyrir rafmagni og hinn fyrir olíu. Á miðju síðasta ári var rafmagnsgufuketillinn settur í forgang yfir olíuketilinn og því jókst rafmagnsnotkun um 25% frá árinu áður. Olíunotkun fyrir gufukatla minnkaði á móti um 46% frá árinu áður en það samsvarar þeirri orku sem þarf fyrir 12.000 ljósaperur í eitt ár. Rafmagn er mun umhverfisvænni orkugjafi og má skýra mestu minnkun í kolefnislosun Ölgerðarinnar út frá þessari breytingu.



Markmið um minni vatnsnotkun

Heitavatsnotkun var nánast jöfn árinu áður en hafði minnkað fyrir það um 12% milli árána 2016 og 2017. Heitt vatn í Ölgerðinni er mest notað við þrif, á ofna og til að bræða snjó af bílastæðum.

Úrgangur minnkaði því sem samsvarar 350 heimilum


Þróun úrgangs (kg)



Úrgangur minnkaði um 11% milli ára sem samsvarar því magni sem kemur frá 350 heimilum á ári. Um 40% af öllum úrgangi

Hlutfall flokkaðs sorps






Ölgerðin er hrat sem verður til við suðu á malti og bjór.

Allt hrat frá Ölgerðinni er sótt af svínabönda og er notað sem svínafóður og því engin kolefnislosun sem verður vegna losunar á hrat.

Hlutfall flokkaðs sorps af heild var 78% og er stefnt á því að hækka þetta hlutfall enn frekar á næsta ári.



83% endurunnið af einnota drykkjavöruumbúðum



Það er mikilvægt að einnota drykkjavöruumbúðir skili sér í endurvinnslu svo hægt sé að endurvinna þær og minnka umhverfisáhrif þeirra. Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjavöruumbúða hérlendis og selur til endurvinnslu. Það er því mikilvægt fyrir Ölgerðina að skoða skilahlutfall og reyna að hafa áhrif á þá þróun í rétta átt.

Skilahlutfall hefur farið minnkandi frá árinu 2013 en helst í stað milli árána 2017 og 2018 líkt og myndin hér sýnir.

Líklegt er að aukning ferðamanna hér á landi skýri hluta af þessari þróun þar sem þeir þekkja ekki skilakerfið sem er til staðar hér á Íslandi.



Hvatning um bættar strætósamgöngur

Ölgerðin hvetur starfsmenn til að nota vistvænar samgöngur í og úr vinnu. Framkvæmd var könnun um ferðavenjur starfsmanna þar sem svarhlutfall var 16%. Þar kom fram að 79% ferðast aldrei eða nánast aldrei með vistvænum hætti til og frá vinnu en helmingur þeirra var jákvæður fyrir því að nýta oftast vistvænar samgöngur.

Aðalástæða fyrir því að nýta ekki vistvænni ferðavenjur voru óhentugar almenningssamgöngur. Ölgerðin ásamt fyrirtækjum í næsta nágrenni setti saman hvatningu til Strætó um betri samgöngur. Framkvæmdastjóra Strætó var afhent yfirlýsingin en þar var Strætó hvatt til að bæta tengingar strætisvagna milli leiða til og frá svæðinu, fjölga ferðum á álagstímum og bjóða afsláttarkort fyrir fólk sem nýtir blandaðar samgöngur.

Starfsmenn telja samgöngustyrk í einhverju formi vera bestu leiðina til þess að þeir fari að nýta vistvænar samgöngur í meira mæli. Ölgerðin býður starfsmönnum upp á samgöngustyrk ef þeir ferðast með vistvænum hætti til og frá vinnu. 64 nýttu sér samgöngustyrk hjá Ölgerðinni 2018.

infogram

Share


Pappírslaus viðskipti

Ölgerðin hefur pappírslaus viðskipti að leiðarljósi. Fyrirtækið notar prentlausn sem heitir Rent a Prent sem hefur leitt til þess að dregið hefur verulega úr prentuðum pappír. Starfsmannamöppur eru í auknum mæli á rafrænu formi og er stefnan sú að þær verði pappírslausar.

Fjármálasvið hefur unnið að því að koma viðskiptavinum í pappírslaus viðskipti og koma nú reikningar í meira magni rafrænt en áður.

600.000

Prentaðar bladsíður í Ölgerðinni



Umhverfisálfmanak

Mars - Minnka pappamál innan fyrirtækisins

Apríl - Kolefnisjöfnun reksturs Ölgerðarinnar, starfsmönnun boðið að kolefnisjafna ferðir sínar

Mái - Áfyllingafloði Ölgerðarinnar rafbílavæddur, starfsmönnum boðið að prófa rafmagnsbíl

Júní - Plokkunardagur (hreinsun á lóð Ölgerðarinnar)

Júlí - Minnka rafmagnsnotkun, slökkva ljós í þeim rýmum sem ekki er verið að vinna í t.d. eftir fundi

Ágúst - Vistvænn ferðamáti til vinnu, keppni milli deilda, ZipCar tekinn í notkun, áhersla á samgöngustyrk

September - Minnka soun í plasti, hætta með plastpoka fyrir starfsmenn

Október - Áhersla á flokkun og endurvinnslu, kennsla í flokkun, flokkunarleiðbeiningar

Nóvember - Umhverfisvænar umbúðir, skiptimarkaður, áhersla á endurnýtingu

Desember - Minnka rafmagnsnotkun, slökkva ljós í þeim rýmum sem ekki er verið að vinna í t.d. eftir fundi

Janúar - Minnka matarsoun

Febrúar - Áhersla á að minnka umhverfissoun með umbótaverkefnum



Markmið 2019

- Ná markmiðinu fyrir 2030 um 40% minnkun kolefnislosunar
- Kolefnisjafna rekstur Ölgerðarinnar
- Rafmagnsvæða alla áfyllingabíla
- Setja upp 10 rafhleðslustæði
- Dagatal með mánaðarlegum umhverfismarkmiðum
- Setja af stað verkefni sem hefur það markmið að auka endurvinnsluhlutfall



Ölgerðin er leiðandi í sölu á gosdrykkjum á Íslandi. Gosdrykkir hafa lengi verið í umræðunni vegna sykurinnihalds en neysla á sykrudum drykkjum fer stöðugt minnkandi. Neytendur velja í auknum mæli sykurlausa eða sykurminni valkosti.

Ölgerðin hefur lengi verið leiðandi í sölu á sykurlausum gosdrykkjum.

Vörur Ölgerðarinnar partur af samfélagsábyrgð

Ölgerðin framleiðir og selur mikið af vörum bæði á Íslandi sem og erlendis. Fyrst og fremst skiptir máli að Ölgerðin framleiði framúrskarandi vörur sem standast væntingar neytenda hverju sinni. Því er hugsunin um gæði samofin öllu starfi fyrirtækisins, sem starfar eftir vottuðu gæðakerfi. Allir birgjar Ölgerðarinnar fara í gegnum birgjamat til að tryggja að þeir standist kröfur Ölgerðarinnar um gæði og samfélagsábyrgð. Að sama skapi er mikilvægt að Ölgerðin geti boðið neytendum sínum upp á vörur sem stuðla að bættu umhverfi og samfélagi.

Samskipti við markaðinn er stór hluti af starfsemi fyrirtækisins og því er nauðsynlegt að þar séu viðhöfð ábyrg vinnubrögð.

Ölgerðin vill starfa með virkum og ábyrgum neytendum og tekur tillit til allra athugasemda sem fyrirtækinu berast til að bæta starfsemi sína.

Fyrirtækið vill hvetja neytendur, samstarfsaðila og samkeppnisaðila til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar, meðal annars með því að taka saman árangur sinn í málaflöknum og birta skýrslu um stöðu mála og framvindu verkefna honum tengdum.

Hluti af vörum Ölgerðarinnar geta haft neikvæð áhrif á heilsu fólks sé þeim neytt í óhöfi. Því setur fyrirtækið ströng skilyrði um að vörur skuli vera merktar með skýrum innihaldslýsingum ásamt því að neytendur séu upplýstir um áhættuna sem mögulega fylgir ákveðnum vörum. Árið 2017 var markmið að koma innihaldsupplýsingum og næringargildum söluvara inn á vefverslun Ölgerðarinnar.

Setning

markmiða að
auknu hlutalli
enduvinnslu



infogram




Share




Aukin þjónusta í vefverslun


Vinsældir vefverslunarinnar eru sífellt að aukast. Viðskiptavinir afgreiða sig sjálfir og afla sér upplýsinga þegar þeim hentar. Til að takast á við auknar vinsældir er leitað leiða til að geta þjónustað viðskiptavini enn frekar gegnum vefinn. Því fá viðskiptavinir annars vegar tilkynningar þegar vara kemur aftur í birgðir og hins vegar býðst þeim að hafa samband við Ölgerðina í gegnum svokallað netspjall.

Vefverslun Ölgerðarinnar hefur verið hluti af umbótaverkefnum söluveildra en sparnaðurinn snýr fyrst og fremst að því að minnka tímasóun. Sá tími sem fór í að taka pantanir fer í að sinna viðskiptavinum og hans þörfum enn frekar.



Fjöldi viðskiptavina í vefverslun árið 2017 - 2018






Gæðastefna

Ölgerðin hefur sett sér gæðastefnu og vinnur eftir gæðakerfi sem er vottað samkvæmt stöðlum ISO 9001 og 22000.

Markmið stefnunnar er að tryggja að starfsemi Ölgerðarinnar sé í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins en gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar.

Hugsunin um gæði þarf því að vera samofin öllum aðgerðum fyrirtækisins og ávallt þarf að hafa hag og þarfir neytenda Ölgerðarinnar í huga.

Gæðastefna Ölgerðarinnar



infogram

Vörubróun
Innkaup
FramleiðslaUpplýsingatækni
Birgðageymsla
SalaDreifing
Starfsmannasvið
ÞjónustaMarkaðssetning
Fjármál
Gæðamál

Frálag



Share

Gæðastefna Ölgerðarinnar er að:

Vörur okkar séu ávallt fyrsta flokks og gæðum ekki fórnað

Vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktu aðferðir á hverjum tíma

Heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum okkar fari fram úr væntingum þeirra

Starfsemi okkar sé í samræmi við lög og reglugerðir og að við uppfylfum þær kröfur sem gerðar eru til okkar af viðskiptavinum og hagsmunaaðilum

Alltaf sé leitað leiða til umbóta, því við lærum af mistökum og hugsum því án takmarkana

Birgjamat Ölgerðarinnar

Birgjamat er eitt helsta vopn Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og hafa jákvæð áhrif á málefni tengd samfélagsábyrgð og umhverfismálum. Þar sem innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ölgerðarinnar þá fara birgjar í gegnum sérstakt stöðumat.

Staðlaður spurningalisti er sendur á birgjann og framkvæmdastjóri þeirrar deildar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Þannig er hægt að meta það hvort að birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði sem og samfélagsábyrgð.

Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins til að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til þess að ýta undir vitundarvakningu um málefni samfélagsábyrgðar hjá þeim sem fyrirtækið verslar við.



infogram

samanstendur af kolsýru vatni
og 14% ávaxtasafa.

Share



AVA er frískandi drykkur með léttu bragði og hentar vel sem hollari valkostur við gosdrykki eða bragðmeiri vatnsdrykki. AVA er með tveimur bragðtegundum; sítrus og skógarberjum.

Egils

Þróun neysluskammta og sykurlausra drykkja

Ölgerðin er leiðandi í sölu á gosdrykkjum á Íslandi. Gosdrykkir hafa lengi verið í umræðunni vegna sykurinnihalds en neysla á sykrudum drykkjum fer stöðugt minnkandi. Neytendur velja í auknum mæli sykurlosa eða sykurminni valkosti. Ölgerðin hefur lengi verið leiðandi í sölu á sykurlausum gosdrykkjum.

Árið 2012 voru 59% af seldum lítrum hjá Ölgerðinni sykraðir drykkir. Árið 2015 voru helmingur seldra lítra sykraðir drykkir en árið 2018 voru þeir 39%. Neysla sykraðra drykkja fer minnkandi ár hvert.

Ölgerðin er brautryðjandi í þessum flokki og með ráðandi markaðsstöðu með vörumerkið Kristal. Kristall er auk þess tannvænn drykkur sem inniheldur aðeins bragðefni í snefilmagni.

Seldir lítrar sykurlausra og sykraðra gosdrykkja





Ánægja viðskiptavina árið 2015-2019

Ánægja viðskiptavina

Ánægja viðskiptavina skiptir Ölgerðina miklu máli. Mánaðarlega framkvæmir Gallup könnun sem mælir heildaránægju viðskiptavina sem er á bilinu 0-100. Meðaltal íslenskra fyrirtækja er 68 stig en árið 2018 var ánægja viðskiptavina Ölgerðarinnar 73 stig.

Ölgerðin vill þó gera betur og er stefnan sett á að skora yfir 80 stig. Viðskiptavinurinn er ávallt í fyrsta sæti hjá Ölgerðinni.

Markmið 2019

- Auka vöruúrval hollari valkosta í drykkjavörum
- Hlutfallslega varið meira fjármagni í markaðssetningu á hollari vörum
- Fjölga viðskiptavinum í vefverslun og fjárfesta í vefverslun
- Auka úrval hollra valmöguleika innfluttra matvara



Ábyrgð gagnvart samfélaginu



Ölgerðin er stór vinnustaður sem hefur starfað í meira en heila öld í sátt við íslenskt samfélag. Ölgerðin finnur til ábyrgðar gagnvart samfélaginu. Eins er fyrirtækið meðvitað um hreyfiaflið sem það hefur í krafti stærðar sinnar og langs starfsaldurs. Ölgerðin styður við bakið á fjölbreyttum verkefnum og félögum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að betra samfélagi fyrir alla.


Verkefni sem Ölgerðin styður við tengjast ýmist íþróttum, góðgerðarmálum, menningu og menntamálum og eru studd með fjárframlögum, vörum eða þátttöku starfsmanna

Stuðningur við hreyfingu barna

Ölgerðin leggur áherslu á að styðja við samfélagsverkefni sem miða að því að auka hreyfingu barna og ungmenna. Það er gert með fjárveitingum og samstarfsverkefnum íþróttafélaga og æskulýðsstarfa. T.d. hefur Ölgerðin lagt hreyfikrafti, ungmennafélögum fótboltafélaga og fleirum lið.

Hreyfivika

Ölgerðin er styrktaraðili Hreyfiviku UMFÍ. Hreyfivika er árleg lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum. Þar finnur fólk á öllum aldri þá hreyfingu sem þeim finnst skemmtileg. Ölgerðin styrkir UMFÍ með fjárframlögum vegna Hreyfiviku og tekur þátt í kynningarstarfsemi átaksins.



Ölgerðin styður við íþróttafélög

Ölgerðin er öflugur styrktaraðili íþróttahreyfinga á Íslandi og styður við ýmis stór og lítil verkefni sem tengjast hreyfingu.

Stærsta verkefni ársins 2018 var Pepsi Max deildin en Ölgerðin hefur tekið þátt í því verkefni í mörg ár. Ölgerðin styður einnig við jaðaríþróttastarf á Íslandi í gegnum Red Bull t.d. Winter Games, Klaustursmótið í Motorcross og Enduro.

Ölgerðin styrkti, meðal annarra, félögin Breiðablik, Höttur, Stjarnan, Fylkir, ÍBV, Leiknir, Mjólnir og Fjólnir.


Mynd: <http://www.irelandwintergames.com>

Þátttaka í samfélagsverkefnum

Ölgerðin tekur þátt í mörgum samfélagslega ábyrgum verkefnum. Ölgerðin er í samstarfi við Vinnuálastofnun og Virk þar sem leitast er við að ráða fólk til Ölgerðarinnar sem hefur verið lengi á atvinnuleysisrá og er við það að missa bótarétt sinn. Síðan verkefnið fór í gang hafa tugir einstaklinga hafið störf hjá fyrirtækinu sem þykir ánægjulegt að geta veitt atvinnulausum tækifæri sem þeir fá ekki annarsstaðar.

Önnur verkefni sem Ölgerðin hefur stolt tekið þátt í:

Alzheimer samtökin





Gefðu til Góðs

Síðustu tvö ár hefur starfsfólk Ölgerðarinnar tekið sig saman og gefið Malt gegn frjálsum framlögum til styrktar Barnaspítala Hringinsins.



Í verkfallinu mikla árið 1955 var undanþága veitt til framleiðslu á Egils Malti til að tryggja að spítalar og aðrar heilbrigðisstofnanir fengju Maltöl fyrir sjúklinga sína. Síðan þá hefur Ölgerðin reglulega stutt við Landspítalann og var Gefum til Góðs verkefnið ein útfærsla á því.

Samstarf við menntastofnanir

Ölgerðin er í góðu sambandi við menntastofnanir og tekur á móti nemendum víðsvegar af landinu. Fyrirtækið tekur á móti fjölda nemendum á hverju ári og kynnir starfsemina fyrir þeim.

Ölgerðin leggur einnig mikið upp úr góðu samstarfi við háskólana á Íslandi enda tengsl atvinnulífsins, menntunar og nýsköpunar mikilvæg allri samfélagslegri þróun.

Árið 2018 var Ölgerðin í samstarfi við Háskóla Íslands þar sem nemendur voru fengnir inn í sumarvinnu og unnu verkefni sem hafði það að markmiði að lágmarka sóun í ferlum fyrirtækisins. Nemendurnir höfðu mentor innan fyrirtækisins og prófessor frá Háskóla Íslands sér til stuðnings og unnu verkefni sem metið var til eininga.

Markmið 2019

Ölgerðinni er afar umhugað um uppbyggingu bættis samfélags og vill vera virkur þátttakandi í þeirri vinnu. Ölgerðin hefur þá stefnu að það styrktarfé sem til umráða er sé nýtt markvisst til að efla íþróttir, æskulýðs- og góðgerðamál og menningu. Hluti af þessu starfi fer fram í gegnum styrki til menningar- og fræðslumála en stór hluti þess fer einnig fram í gegnum sjálfboðaliðastarf eða í formi gjafa á vörum fyrirtækisins.

Markmið Ölgerðarinnar í samfélagsmálum er fyrst og fremst að finna þá samlegð með samfélagi sínu sem getur aukið hagsæld til lengri tíma. Einu gildir hvort um er að ræða matargjafir, auglýsingastyrki, fjárveitingar eða tækifæri fyrir atvinnulausa svo lengi sem unnið er að langtíma verkefnum til hagsældar fyrir samfélagið í heild sinni.



Leiðtogar ríkja heims samþykktu árið 2015 á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 17 markmið sem stefnt er að ná fyrir árið 2030. Ölgerðin tekur virkan þátt í að reyna að ná þessum markmiðum með eftirfarandi hætti:



- Birgjamat
- Boðið upp á Fair Trade vörur í vörusölu



- Samningur við birgja sem byggir á síðareglum Global Compact



- Heilsu- og öryggisvika haldin árlega
- Líkamsræktarstyrkir
- Samgöngusamningar
- Hjólað í vinnuna



- Samstarf við Háskóla Íslands
- Starfsnám
- Fræðsluáætlun árlega



- Jafnlaunavottun PwC
- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012



- Loftslagsmarkmið
- Fylgst með vatnsnotkun



- Samstarf við Háskóla Íslands
- Starfsnám
- Fræðsluáætlun árlega



- Skattspor 46% af heildarveltu 2018
- Starfsánægja mæld 85% árið 2018




- Loftslagsmarkmið til 2030 þar sem eru árangursmælikvarðar
- Rafrænar reikningar

infogram

Share

10 JOFNUÐUR



- Siðareglur og jafnréttisáætlun
- Janlaunavottun ÍST 85:2012
- Boðið upp á vörur undir merkjum: Sanngjörn framleiðsla

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFELAG



- Samgöngusamningur fyrir starfsfólk
- Sparperur (LED) eru notaðar þegar skipt er um perur

12 ÁBYRG NEYSLA




- Ánægja hjá viðskiptavinum
- Loftslagsmarkmið til 2030
- Minni skammtastærðir
- Hollari valkostir
- Upplýsingar um sjálfbærni

13 VERNDUN JARÐARINNAR




- Loftslagsmarkmið til 2030, 40% samdráttur kolefnisspors
- Vetrnisbílaverkefni

14 LÍF Í VATNI



- Foodgrade vörur í viðhaldi í framleiðslu

15 LÍF Á LANDI



- Lífrænt ræktað vín
- Markmið um minnkun kolefnislosunar

16 FRÍÐUR OG RÉttlÆTI



- Siðareglur Ölgerðarinnar
- Global Compact

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN




- Global Compact
- Loftslagsmarkmið

NÁNAR UM HEIMSMARKMIÐIN

Lokaorð

Í þessari skýrslu hafa verið teknar saman tölur og staðreyndir um niðurstöður aðgerða sem varða



samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar. Verkefni er snemma samfélagsábyrgð eru fyrirtækið mikilvæg. Alltaf er leitast við að lágmarka notkun auðlinda, hvort sem það er með vinnufertum, orkunýtingu, vatnsnotkun, meðferð úrgangs eða annarra auðlinda. Slíkt er til hagsbóta fyrir reksturinn, umhverfið og samfélagið.


Share

Ölgerðin tekur þátt í verkefnum sem stuðla að betri samfélagsábyrgð fyrirtæksins. Fyrirtækið er þátttakandi í Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna er tekur fyrir umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindi og spillingu. Þá tekur Ölgerðin þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkum kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Einnig styður

Ölgerðin við heimsmarkmiðin í sínum aðgerðum.

Þessi skýrsla er hluti af samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar þar sem farið er yfir árangur og markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi er farið í vinnu að aðgerðaráætlun og virkjun starfsmanna. Ölgerðin ætlar að leita allra leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála og samfélagsábyrgðar.

Skipurit Ölgerðarinnar



Framkvæmdastjóri
Valur Ásberg Valsson



Framkvæmdastjóri
Jón Mikael Jónsson



©ÖLGERÐIN 2019. Öll réttindi áskilin.

Ölgerðin af ábyrgð

Skýrslan í vinnslu

Eva Hrönn Guðnadóttir



All rights reserved © 2019 Infogram. [Terms & Privacy](#)

Infogram and Infogr.am are registered trademarks of Prezi, Inc.